

Síminn tekinn í notkun..... 6

Samsetning6

Kveikt á símanum7

Hjálp í símanum8

Rafhlaðan hlaðin8

Síminn 9

Valmyndaryfirlit 11

Valmyndir..... 13

Skráasafn 14

Tungumál símans 16

Texti sleginn inn 16

Símtöl 17

Til að hringja
og svara símtölum 17

Símaskrá 18

Símtalalisti22

Hraðval22

Talhólf22

Raddstýring23

Flutningur símtala25

Fleiri en eitt símtal25

Númerin mín26

Símtöl samþykkt26

Takmörkun úthringinga27

Læst skammval27

Lengd símtala og kostnaður28

Birta eða fela eigið símanúmer28

Svarað með opnun28

Skilaboð 28

Textaskeyti28

Myndskilaboð30

Valkostir skeyta31

Sniðmát31

Talskilaboð32

Tölvupóstur32

Vinir mínir34

Upplýsingar um svæði
og senda35

Myndataka 36

Mynda- og myndupptökuvél36

Að nota myndavélina36

Tákn og stillingar myndavélar37

Flýtvísar myndavélar37

Myndir fluttar37

Prentað úr myndavél	38
Myndir	39
PhotoDJ™ og VideoDJ™	40
Pemu	40
Afpreying	41
Handfrjáls steríóbúnaður	41
Tónlistarspilari	41
Myndspilari	41
Stjórnthakkar tónlistar og myndskaiða	41
Flutningur tónlistar úr tölvu	43
TrackID™	44
Útvarp	44
PlayNow™	45
Hringitónar og lög	45
MusicDJ™	46
Hljóðupptökutæki	47
Leikir	47
Forrit	47
Tengingar.....	48
Stillingar	48
Nafn símans	49
Notkun internetsins	49
Vefstraumar	51

Práðlaus Bluetooth™ tækni	52
Notkun USB snúru	53
Samstilling	55
Uppfærslupjónusta	57
Fleiri valkostir.....	58
Flugstilling	58
Staðsetningarþjónusta	58
Vekjari	59
Dagbók	60
Minnismiðar	61
Verkefni	61
Niðurteljari, skeiðklukka og reiknivél	62
Kóðaminni	62
Snið	63
Tími og dagsetning	64
Lásar	64
Úrræðaleit	66
Algengar spurningar	66
Villuboð	68

Áríðandi upplýsingar 70

Leiðbeiningar um örugga
og skilvirka notkun72

Notandaleyfi76

Takmörkuð ábyrgð76

FCC Statement79

Declaration of Conformity
for Z770i79

Atriðaskrá 80

Sony Ericsson Z770i

UMTS 2100 GSM 900/1800/1900

Sony Ericsson Mobile Communications AB eða dótturfyrirtæki þess í viðkomandi landi gefur út þessa handbók án nokkurrar ábyrgðar. Sony Ericsson Mobile Communications AB er heimilt hvenær sem er og án fyrirvara að gera endurbætur og breytingar á handbók þessari sem nauðsynlegar kunna að vera vegna prentvillna, ónákvæmni núverandi upplýsinga eða endurbóta á forritum og/eða búnaði. Slíkar breytingar verða þá gerðar á seinni útgáfum handbókarinnar.

Allur réttur áskilinn.

©Sony Ericsson Mobile Communications AB, 2007

Útgáfukóði: 1207-5550.1

Athugið:

Sum fjarskiptanet styðja ekki alla þá þjónustu sem fjalla er um í handbókinni. *Þetta gildir einnig um alþjóðlega GSM-neyðarnúmerið 112.*

Vinsamlegast hafið samband við rekstraraðila fjarskiptansins eða þjónustuveituna leiki vafi á hvort hægt er að nota tiltekna þjónustu.

Vinsamlegast lesið *Leiðbeiningar um örugga og skilvirka notkun* og kaflann *Takmörkuð ábyrgð* áður en farsíminn er notaður.

Með símanum er hægt að hlaða niður, vista og framsenda viðbótarefni svo sem hringtóna. Notkun slíks efnis kann að vera takmörkuð eða bönnuð vegna réttar þriðja aðila, þar með talið, en ekki eingöngu, takmarkanir víðeigandi laga um höfundarrétt. Þú, en ekki Sony Ericsson, berð algera ábyrgð á því efni sem þú hleður niður í farsímann eða framsendir úr honum. Áður en þú notar utanaðkomandi efni, vinsamlegast sannvottaðu að ætluð not þín séu gerð með öllum víðeigandi leyfum eða séu samþykkt á annan hátt. Sony Ericsson ábyrgist ekki nákvæmni, samkvæmni eða gæði utanaðkomandi efnis né annars efnis frá þriðja aðila. Undir engum kringumstæðum

er Sony Ericsson ábyrgt á nokkurn hátt vegna misnotkunar þinnar á utanaðkomandi efni eða efni frá þriðja aðila.

Bluetooth er vörumerki eða skráð vörumerki Bluetooth SIG Inc og sérhver notkun Sony Ericsson á því er samkvæmt leyfi.

Fljótandi merkið, PlayNow, MusicDJ, PhotoDJ, TrackID og VideoDJ eru vörumerki eða skráð vörumerki Sony Ericsson Mobile Communications AB.

TrackID™ er keyrt á Gracenote Mobile MusicID™. Gracenote og Gracenote Mobile MusicID eru vörumerki eða skráð vörumerki Gracenote, Inc. Sony, Memory Stick Micro™ og M2™ eru vörumerki eða skrásett vörumerki Sony Corporation.

Google™ og Google Maps™ er vörumerki eða skrásett vörumerki Google, Inc.

SyncML er vörumerki eða skrásett vörumerki Open Mobile Alliance LTD.

Ericsson er vörumerki eða skráð vörumerki Telefonaktiebolaget LM Ericsson.

Adobe Photoshop Album Starter Edition er vörumerki eða skrásett vörumerki Adobe Systems Incorporated í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

Microsoft, ActiveSync, Windows, Outlook, og Vista eru skráð vörumerki eða vörumerki Microsoft Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum.

T9™ Text Input er skráð vörumerki Tegic Communications. T9™ Text Input nýtur einkaleyfisverndar skv. eftirfarandi: U.S. Pat. Nos. 5,818,437, 5,953,541, 5,187,480, 5,945,928, and 6,011,554; Canadian Pat. No. 1,331,057, United Kingdom Pat. No. 2238414B; Hong Kong Standard Pat. No. HK0940329; Republic of Singapore Pat. No. 51383; Euro.Pat. No. 0 842 463 (96927260.8) DE/DK, FI, FR, IT, NL, PT, ES, SE, GB; og viðbótarleyfi bíða afgreiðslu.

Java og öll vörumerki og fyrirtækismerki sem byggjast á Java eru vörumerki eða skráð vörumerki Sun Microsystems Inc. í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

Notandaleyfi fyrir Sun™ Java™ J2ME™.

Takmarkanir: Hugbúnaðurinn felur í sér trúnaðarupplýsingar sem njóta einkaleyfisverndar og öll afrit hans haldast í eigu Sun og/eða leyfisveitanda. Viðskiptavininum er óheimilt að breyta, bakþýða, baksmala, ráða dulritun á, stunda gagnadrátt úr eða á annan hátt vendsmiða hugbúnaðinn. Óheimilt er að leigja út hugbúnaðinn eða framselja eignarrétt eða notandaleyfi fyrir honum í heild eða að hluta.

Útflutningsreglur: Hugbúnaðurinn, þ.m.t. tækniupplýsingar, lýtur bandarískum útflutningslögum, þ.m.t. Export Administration Act og reglugerðum tengdum þeim lögum, og kann að lúta reglugerðum í öðrum löndum um inn- og útflutning. Viðskiptavinurinn samþykkir að fara í einu og öllu að slíkum reglum og viðurkennir að hann beri ábyrgð á að útvega leyfi fyrir útflutningi, endurútflutningi og innflutningi á hugbúnaðinum. Óheimilt er að niðurhala hugbúnaðinum eða á annan hátt flytja hann út eða endurútflytja (i) til Kúbu, Íraks, Írans, Norður-Kóreu, Líbyu, Súðans, Sýrlands (skv. uppfærðum lista hverju sinni) eða nokkurs lands sem Bandaríkin hafa lagt viðskiptabann á eða til ríkisborgara eða íbúa ofangreindra landa; eða (ii) til nokkurs ríkis á ríkjabannlista bandaríska fjármálaráðuneytisins eða í töflu bandaríska viðskiptaráðuneytisins yfir opinberar synjanir.

Takmarkaður réttur: Notkun, fjölföldun og birting bandarískra stjórnvalda á upplýsingum er háð þeim takmörkunum sem greinir í ákvæðum um réttindi varðandi tækniupplýsingar og tölvuhugbúnað í DFARS 252.227-7013(c) (1) (ii) og FAR 52.227-19(c) (2), eftir því sem við á.





Önnur nöfn vara og fyrirtækja sem nefnd eru í handbók þessari kunna að vera vörumerki hlutaðeigandi eigenda sinna.

Allur réttur sem ekki er veittur skýlaust í handbók þessari er áskilinn.

Myndir hafa það hlutverk að gefa notendum hugmynd um vöruna og ekki er víst að þær lýsi símanum nákvæmlega.

Leiðbeiningartákn

Handbókin kann að innihalda eftirfarandi tákn.

-  Athugið
 -  Ábending
 -  Varúð
 -  Þjónustan eða valkosturinn veltur á símafyrirtækinu eða áskriftinni. Símafyrirtæki þitt veitir nánari upplýsingar.
- > Notaðu valtakkana eða stýrihnappinn til að fletta og velja. Sjá *Valmyndir* á bls. 13.

Síminn tekinn í notkun

Samsetning

Setja þarf SIM kort í símann ásamt rafhlöðu áður en hægt er að nota hann.

SIM kortið sett í símann



- 1 Fjarlægðu bakhliðina með því að ýta á hana og renna henni til, eins og sýnt er á myndinni.
- 2 Renndu SIM kortinu í festinguna og láttu gylltu snerturnar snúa niður.


Rafhlöðan sett í símann






- 1 Settu rafhlöðuna í símann þannig að merkimiðinn snúi upp og tengin snúi hvort að öðru.
- 2 Renndu rafhlöðuhlífinni aftur á sinn stað.

Kveikt á símanum

Til að kveikja á símanum




- 1 Haltu  inni.
- 2 Sláðu inn PIN númerið þitt, ef það er um það, og veldu **Í lagi**.
- 3 Veldu tungumálið.
- 4 Veldu **Já** til að nota uppsetningarhjálp meðan stillingum er hlaðið niður.

 Til að leiðrétta mistök þegar þú slærð inn PIN númerið skaltu ýta á .

SIM kort


SIM kortið (Subscriber Identity Module), sem farsímafyrirtækið lætur þér í té, inniheldur upplýsingar um áskriftina þína. Slökktu alltaf á símanum og taktu

hleðslutækið úr sambandi áður en þú setur SIM kort í hann eða tekur SIM kort úr honum.

 Hægt er að vista tengiliði á SIM kortinu áður en það er tekið úr símanum. Sjá Til að afrita nöfn og númer á SIM kortið á bls. 19.

PIN

Þú gætir þurft PIN númer (Personal Identity Number) til að opna símann þinn (geta notað hann). PIN númerið fæst hjá símafyrirtækinu. Hver tölustafur PIN númersins birtist sem *, nema það byrji á tölustöfum neyðarnúmers, t.d. 112 eða 911. Þetta er gert til þess að hægt sé að sjá og hringja í neyðarnúmerið án þess að slá inn PIN númer.

 SIM kortinu er læst ef rangt PIN númer er slegið inn þrisvar sinnum í röð. Sjá Læsing SIM-korts á bls. 64.

Ræsisckjár

Ræsisckjárinn birtist þegar þú kveikir á símanum. Sjá Notkun mynda á bls. 39.

Biðstaða

Heiti símafyrirtækisins birtist þegar kveikt hefur verið á símanum og PIN númerið slegið inn. Þessi staða kallast biðstaða.

Hjálp í símanum

Hægt er að fá leiðbeiningar og upplýsingar í símanum. Sjá *Valmyndir* á bls. 13.

Til að nota uppsetningarhjálpina

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > flipann [Almennar](#) > [Uppsetningarhjálp](#).
- 2 Veldu einhvern valkost.

Til að skoða upplýsingar um aðgerðir

- Flettu að valkosti og veldu [Upplýs.](#), ef það er í boði. Í sumum tilvikum birtast [Upplýs.](#) í [Valkostir](#).

Til að skoða sýnidæmi um notkun símans

- Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Afpreying](#) > [Sýnikennsla](#).

Til að opna stöðuupplýsingar

- Ýttu á hljóðstyrkstakkann í biðstöðu.

Rafhlaðan hlaðin

Rafhlaða símans hefur þegar verið hlaðin að hluta þegar síminn er keyptur.

Til að hlaða rafhlöðuna

1



2



- 1 Tengdu hleðslutækið við símann. Það tekur u.þ.b. 2,5 klukkustundir að hlaða rafhlöðuna að fullu. Ýttu á einhvern takka til að kveikja á skjánum.
- 2 Fjarlægðu hleðslutengið með því að tylla því upp á við.




Hægt er að nota símann meðan rafhlaðan er í hleðslu. Hægt er að hlaða rafhlöðuna hvenær sem er og í styttri eða lengri tíma en 2,5 klukkustundir. Hægt er að hætta hleðslunni án þess að skemma rafhlöðuna.

Síminn

- 1 Eyrnatól (hlust)
- 2 Skjárinn
- 3 Valtakkar
- 4 Tengi fyrir hleðslutæki, handfrjálsan búnað og USB snúru
- 5 Hringitakki
- 6 Takki fyrir yfirlitsskjá
- 7 Hætta-takki
- 8 C takki (hreinsa)
- 9 Stýrihnappur
- 10 'Hljóð af' takki
- 11 Rofi
- 12 Hljóðnemanet

! Sjá flýtleiðir takka fyrir internetið á bls. 50.



- 13 Haldari fyrir band
- 14 Minniskortarauf
- 15 Hljóðstyrkstakkar
- 16 Hlustarnet
- 17 Ytri skjár
- 18 Linsa myndavélar



10 Síminn tekinn í notkun

This is the Internet version of the User's guide. © Print only for private use.

Valmyndaryfirlit



PlayNow™*



Internet*



Afpreying

Upplýsingaþjónusta*
Leikir
TrackID™
Staðsetningaþjónust.
VideoDJ™
PhotoDJ™
MusicDJ™
Fjarstýring
Taka upp hljóð
Sýnikennsla



Myndavél



Skilaboð

Skrifa nýtt
Innbox
Tölvupóstur
Vefstraumar
Drög
Útbox
Send skeyti
Vistuð skeyti
Vinir mínir*
Hringja í talhólf
Sniðmát
Vinna með skeyti
Stillingar



Miðlar



Vekjaraklukka



Símaskrá

Ég sjálf/ur
Nýr tengiliður



Útvarp



Símtöl**



Öll símtöl



Svörðuð símtöl



Hringd símtöl



Ósvörðuð símtöl



Skipuleggjari

Skráasafn**

Forrit

Dagbók

Verkefni

Minnismiðar

Samstilling

Niðurteljari

Skeiðklukka

Reiknivél

Kóðaminni



Stillingar**



Almennar

Snið

Tími & dagsetning

Tungumál

Uppfærsluþjónusta

Raddstýring

Nýir atburðir

Flytleiðir

Flugstilling

Öryggi

Uppsetningarhjálp

Hjálpartæki*

Staða símans

Núllstilla símann



Hljóð & hljóðmerki

Hljóðstyrkur

Hringitónn

Hljóðlaus stilling

Hækkandi hringing

Titrari

Skilaboðatónn

Takkahljóð



Skjár

Veggfóður

Þemu

Ræsiskjár

Skjáhvilla

Stærð klukku

Birtustig

Breyta heitum lína*



Símtöl

Hraðval

Snjalleit

Flytja símtöl

Skipta yfir á línu 2*

Vinna með símtöl

Tími & kostnaður*

Númerabirting

Handfrjáls búnaður

Opna til að svara



Tengingar

Bluetooth

USB

Nafn símans

Samnýting á netkerfi

Samstilling

Símastjórnun

Farsímakerfi

Internetstillingar

Streymisstillingar

Skilaboðastillingar*

Aukabúnaður


* Sumar valmyndir velta á símafyrirtækinu, símkerfinu og áskriftinni þinni.

** Þú getur notað stýrinnappinn til að fletta á milli flipa í undirvalmyndum. Nánari upplýsingar er að finna í Valmyndir á bls. 13.

Valmyndir

Aðalvalmyndirnar birtast sem tákn. Sumar undirvalmyndir innihalda flipa.

Til að fletta í valmyndum símans



Miðjustýrihnappur

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.**
- 2 Notaðu stýrihnappinn til að fletta í gegnum valmyndirnar.

Til að velja valkosti á skjánum

- Veldu einhvern valkosti sem sést neðst á skjánum með því að ýta á vinstri eða hægri valtakann eða á miðju stýrihnappsins.


Til að skoða valkosti fyrir hlut

- Veldu **Valkostir** t.d. til að breyta.


Til að fletta á milli flipanna

- Flettu að flipa með því að ýta stýrihnappnum til vinstri eða hægri.

Til að fara í biðstöðu

- Ýttu á .


Til að ljúka aðgerð

- Ýttu á .

Til að fletta í gegnum efni

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Miðlar.**
- 2 Ýttu stýrihnappinum til hægri til að velja hlut.
- 3 Ýttu stýrihnappinum til vinstri til að fara til baka.






Til að eyða hlutum

- Ýttu á  til að eyða hlutum eins tölustöfum, bókstöfum, myndum og hljóðum.



Flýtleiðir

Þú getur notað flýtleiðir takkaborðsins til að fara beint í valmynd. Númer valmynda hefjast í vinstra horninu og færast svo yfir og niður, röð fyrir röð.

Til að fara beint í aðalvalmynd

- Veldu **Valm.** í biðstöðu og ýttu á  - , ,  eða .

Flýtleiðir stýrihnappsins

- Ýttu á , ,  eða  í biðstöðu til að fara beint í valkost.


Til að breyta flýtleið á stýrihnappnum

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Stillingar** > flipann **Almennar** > **Flýtleiðir**.
- 2 Flettu að valkosti og veldu **Breyta**.
- 3 Flettu að valkosti valmyndar og veldu **Flýtleið**.

Upplýsingaskjár

Upplýsingaskjárinn veitir skjótan aðgang að tilteknum aðgerðum.

Til að opna upplýsingaskjáinn

- Ýttu á .

Flipar upplýsingaskjásins

- **Nýir atburðir** – ósvöruð símtöl og ný skeyti.
- **Opin forrit** – forrit sem eru keyrð í bakgrunni.
- **Flýtleiðir mínar** – bættu við uppáhaldsaðgerðum þínum til að fljótlegt sé að nálgast þær.
- **Internet** – skjótur aðgangur að Internetinu.

Skráasafn

Þú getur notað skráasafnið til að vinna með skrár sem vistaðar eru í minni símans eða á minnskorti.

- ! **Hugsanlega þarftu að kaupa minnskort sérstaklega.**

Minnskort

Síminn þinn styður Memory Stick Micro™ (M2™) minnskort sem eykur geymslupláss símans. Einnig er hægt að nota það sem færanlegt minnskort með öðrum samhæfnum tækjum.

Minnskort sett í símann



- Opnaðu hlífina og settu minnskortið í símann þannig að gylltu snerturnar snúi niður.

Minniskort tekið úr símanum



- Opnaðu hlífina og ýttu á kant minniskortsins til að losa það og fjarlægja.

Til að skoða valkosti fyrir minniskort

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skipuleggjari](#) > [Skráasafn](#) > flípann [Á minniskort](#).
- 2 Veldu [Valkostir](#).

Unnið með skrár

Þú getur fært og afritað skrár á milli símans þíns, tölvu og minniskorts. Skrár eru fyrst vistaðar á minniskortið og svo í minni símans. Óþekktar skrár eru vistaðar í möppunni [Annað](#).

Hægt er að búa til undirmöppur til að færa eða afrita skrár í. Hægt er að velja fleiri en eina skrá eða allar skrár í möppu í einu í öllum möppum fyrir utan möppurnar [Leikir](#) og [Forrit](#).

Þegar minnið fyllist skaltu losa um pláss með því að eyða einhverju efni.

Flípar skráasafnsins

Skráasafninu er skipt í þrjá flípa, og tákn sýna hvar skrár eru vistaðar.

- [Allar skrár](#) – allt efni í minni símans og á minniskorti
- [Á minniskort](#) – allt efni á minniskorti
- [Í símanum](#) – allt efni í minni símans

Til að skoða upplýsingar um skrár

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skipuleggjari](#) > [Skráasafn](#).
- 2 Finndu skrá og veldu [Valkostir](#) > [Upplýsingar](#).

Til að færa skrá í skráasafninu

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skipuleggjari](#) > [Skráasafn](#).
- 2 Finndu skrá og veldu [Valkostir](#) > [Vinna með skrár](#) > [Færa](#).
- 3 Veldu einhvern valkost.

Til að velja fleiri en eina skrá í möppu

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skipuleggjari](#) > [Skráasafn](#).
- 2 Flettu að möppu og veldu [Opna](#).
- 3 Veldu [Valkostir](#) > [Merkja](#) > [Merkja nokkrar](#).
- 4 Fyrir hverja skrá sem þú vilt merkja flettirðu að skránni og velur [Merkja](#).

Til að eyða skrá úr skráasafninu

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Skipuleggjari** > **Skráasafn.**
- 2 Finndu skrána og ýttu á **(C)**.

Tungumál símans

Pú getur valið hvaða tungumál þú notar í símanum.

Tungumáli símans breytt

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Stillingar** > flippann **Almennar** > **Tungumál** > **Tungumál símans.**
- 2 Veldu einhvern valkost.

Texti sleginn inn

Pú getur notað beinritun eða T9™ flýtitritun **T9** til að slá inn texta. Í T9™ innsláttaraðferðinni er notast við innbyggða orðabók.

Til að breyta innsláttaraðferðinni

- Þegar þú slærð inn texta heldurðu inni **(*)a/A**.

Til að skipta á milli há- og lágstafa

- Þegar þú slærð inn texta ýtirðu á **(*)a/A**.

Til að slá inn tölustafi

- Þegar þú slærð inn texta heldurðu inni **(0) +** – **(9)**.

Til að setja inn punkta og kommur

- Þegar þú slærð inn texta ýtirðu á **(1)**.

Til að nota T9™ flýtitritun við textainnslátt

- 1 Í biðstöðu velurðu t.d. **Valm.** > **Skilaboð** > **Skrifa nýtt** > **Textaskeyti.**
- 2 Ef **T9** birtist ekki heldurðu inni **(*)a/A** til að skipta yfir í T9 flýtitritun.
- 3 Í flýtitritun er aðeins ýtt einu sinni á hvern takka, jafnvel þó að stafurinn sé ekki fyrsti stafurinn á takkanum. Orðið 'Jane' er t.d. skrifað með því að ýta á **(5)**, **(2)**, **(6)**, **(3)**. Skrifaðu allt orðið áður en þú skoðar tillögur um orð.
- 4 Notaðu **(☺)** eða **(☹)** til að skoða tillögur.
- 5 Ýttu á **(#↵)** til að samþykka tillögu.

Texti sleginn inn með beinritun

- 1 Í biðstöðu velurðu t.d. **Valm.** > **Skilaboð** > **Skrifa nýtt** > **Textaskeyti.**
- 2 Ef **T9** birtist heldurðu inni **(*)a/A** til að skipta yfir í beinritun.
- 3 Ýttu endurtekið á **(2)** – **(9)** þar til réttur stafur birtist.
- 4 Þegar þú hefur ritað orð ýtirðu á **(#↵)** til að bæta inn bili.

Til að bæta orðum við innbyggðu orðabókina



- 1 Þegar þú slærð inn texta með T9 flýtitritun velurðu **Valkostir** > **Stafa orð.**
- 2 Skrifaðu orðið með beinritun og veldu **Bæta inn.**

Símtöl

Til að hringja og svara símtölum

Kveikt þarf að vera á símanum og hann verður að vera innan þjónustusvæðis.



Til að hringja

- 1 Sláðu inn símanúmer (með lands- og svæðisnúmerinu þegar það á við) í biðstöðu.
 - 2 Ýttu á .
-  Þú getur hringt í símanúmer úr listum yfir tengiliði og símtöl. Sjá Símaskrá á bls. 18 og Símtalalisti á bls. 22. Einnig er hægt að hringja með því að nota röddina. Sjá Raddstýring á bls. 23.

Til að ljúka símtali

- Ýttu á .

Til að hringja til útlanda

- 1 Í biðstöðu heldurðu  inni þar til + merkið birtist.
- 2 Sláðu inn landsnúmerið, svæðisnúmerið (án fyrsta núllsins) og símanúmerið.
- 3 Ýttu á .

Til að hringja aftur í númer

- Þegar [Reyna aftur?](#) birtist velurðu **Já**.



Ekki halda símanum að eyranu meðan þú biður. Síminn sendir frá sér hátt hljóðmerki þegar símtalinu er komið á.


Til að svara símtali

- Opnaðu símann.



Hægt er að kveikja og slökkva á [Opna til að svara](#). Sjá Svarað með opnun á bls. 28.

Til að svara símtali

- Ýttu á .



Til að hafna símtali

- Ýttu á .

Til að breyta hljóðstyrknum meðan á símtali stendur

- Ýttu hljóðstyrkstakkanum upp eða niður.

Til að taka hljóðið af hljóðnemanum meðan á símtali stendur

- 1 Haltu  inni.
- 2 Haltu  aftur inni til að halda áfram (setja hljóðið á).

Til að kveikja á hátalaranum meðan á símtali stendur

- Veldu [Hátalari](#).



Ekki halda símanum að eyranu þegar þú notar hátalarann. Það gæti valdið heyrnarskaða.

Til að skoða ósvöruð símtöl í biðstöðu

- Ýttu á  til að opna símtalalistann.

Símkerfi

Síminn skiptir sjálfkrafa á milli GSM og 3G (UMTS) símkerfanna, eftir því hvort er í boði. Í sumum símkerfum geta notendur skipt handvirkt um símkerfi.

Til að skipta handvirkt um símkerfi


- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > [flipann Tengingar](#) > [Farsímakerfi](#) > [GSM/3G símkerfi](#).
- 2 Veldu einhvern valkost.

Neyðarsímtöl

Síminn styður alþjóðlega neyðarnúmer líkt og 112 og 911. Vanalega er hægt að nota þessi númer til að hringja neyðarsímtöl í hvaða landi sem er, og burt séð frá því hvort SIM kort sé í viðkomandi síma, ef síminn er innan þjónustusvæðis 3G (UMTS) eða GSM símkerfis.

- ! Í sumum löndum kann einnig að vera hægt að hringja í önnur neyðarnúmer. Því getur verið að símafyrirtækið þitt hafi vistað önnur neyðarnúmer á SIM kortinu.

Til að hringja neyðarsímtal

- Sláðu inn 112 (alþjóðlega neyðarnúmerið) og ýttu á .

Til að skoða landsbundin neyðarnúmer

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá](#).
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Sérstök númer](#) > [Neyðarnúmer](#).

Símaskrá

Hægt er að vista nöfn, símanúmer og persónulegar upplýsingar í [Símaskrá](#). Hægt er að vista upplýsingar í minni símans eða á SIM kortinu.

Sjálfgefin símaskrá/tengiliðir

Hægt er að velja hvaða upplýsingar sjást sjálfkrafa. Ef [Símaskrá](#) er valin sem sjálfgefin símaskrá, eru allar upplýsingar sýndar sem vistaðar eru um tengiliðinn í [Símaskrá](#). Ef þú velur [SIM númer](#) birtast nöfn og númer sem eru vistuð á SIM kortinu.

Til að velja sjálfgefna símaskrá

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá](#).
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Fleiri valkostir](#) > [Símaskrá í notkun](#).
- 3 Veldu einhvern valkost.

Símaskrá

Símaskrá getur innihaldið nöfn, símanúmer og persónulegar upplýsingar. Upplýsingarnar eru vistaðar í minni símans.


Til að setja tengilið í símaskrána

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Setja inn.](#)
- 3 Sláðu inn nafnið og veldu [Í lagi.](#)
- 4 Sláðu inn númerið og veldu [Í lagi.](#)
- 5 Veldu einhvern valkost fyrir símanúmer.
- 6 Flettu á milli flipanna og veldu reitina til að bæta við upplýsingum.
- 7 Veldu [Vista.](#)

Hringt í tengiliði

Til að hringja í tengilið í símaskránni

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að tengilið og veldu [☑.](#)

 *Til að opna strax tengilið heldurðu inni*
[2](#) – [9](#) í biðstöðu.

Til að hringja í tengilið á SIM kortinu úr símaskránni

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [SIM númer.](#)
- 3 Flettu að tengilið og veldu [☑.](#)

Til að hringja með Snjalleit

- 1 Í biðstöðu ýtirðu á [1](#) – [9](#) til að slá inn heiti tengiliðs eða símanúmer. Allar færslur sem passa við það sem hefur verið slegið inn birtast í lista.
- 2 Flettu að tengilið eða símanúmeri og ýttu á [☑.](#)


Til að kveikja eða slökva á snjalleit

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > flipann [Símtöl](#) > [Snjalleit.](#)
- 2 Veldu einhvern valkost.

Tengiliðum breytt

Til að bæta upplýsingum við tengilið í símaskránni

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að tengilið og veldu [Valkostir](#) > [Breyta tengilið.](#)
- 3 Flettu milli flipa og veldu [Setja inn.](#)
- 4 Veldu einhvern valkost og það sem þú vilt bæta við.
- 5 Veldu [Vista.](#)

 *Ef áskriftin þín felur í sér númerabirtingu er hægt að tengja hringitóna við tengilið.*

Til að afrita nöfn og númer í símaskrána

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Fleiri valkostir](#) > [Afrita af SIM-korti.](#)
- 3 Veldu einhvern valkost.

Til að afrita nöfn og númer á SIM kortið

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Fleiri valkostir](#) > [Afrita yfir á SIM.](#)
- 3 Veldu einhvern valkost.

- ! Þegar allir tengiliðir eru afritaðir úr símanum yfir á SIM kort eru öllum upplýsingum á SIM kortinu skipt út.

Til að vista nöfn og símanúmer sjálfkrafa á SIM kortinu

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Fleiri valkostir](#) > [Vista sjálfvirkt á SIM.](#)
- 3 Veldu einhvern valkost.

Til að vista tengiliði á minnskorti

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Fleiri valkostir](#) > [Öryggisafrit á m.kort.](#)

SIM tengiliðir

Tengiliðir á SIM korti geta aðeins innihaldið nöfn og símanúmer. Þau eru vistuð á SIM kortinu.

Til að bæta við SIM tengilið

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Setja inn.](#)
- 3 Sláðu inn nafnið og veldu [Í lagi.](#)
- 4 Sláðu inn númerið og veldu [Í lagi.](#)
- 5 Veldu einhvern valkost og bættu inn fleiri upplýsingum, ef það er hægt.
- 6 Veldu [Vista.](#)

Til að hringja í tengilið á SIM korti

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að tengilið og veldu [☞.](#)

Tengiliðum eytt

Til að eyða tengilið

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að tengilið og veldu [☐.](#)

Til að eyða öllum tengiliðum í símanum

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Fleiri valkostir](#) > [Eyða allri símaskrá.](#)

Sending tengiliða

Til að senda tengilið

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að tengilið og veldu [Valkostir](#) > [Senda tengilið.](#)
- 3 Veldu flutningsaðferð.

- ! Gakktu úr skugga um að móttökutækið styðji flutningsaðferðina sem þú velur.

Flokkun tengiliða

Til að velja flokkunarröð tengiliða

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Fleiri valkostir](#) > [Raða eftir.](#)
- 3 Veldu einhvern valkost.

Minnisstaða

Það hversu marga tengiliði er hægt að vista í símanum eða á SIM korti veltur á því hversu mikið minni er laust.

Til að skoða upplýsingar um minnisstöðu

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Fleiri valkostir](#) > [Staða minnis.](#)

Samstilling tengiliða

Hægt er að samstillja tengiliði með Microsoft® Exchange Server (Microsoft® Outlook®). Nánari upplýsingar er að finna í *Samstilling* á bls. 55.

Ég sjálf/ur

Þú getur slegið inn upplýsingar um sjálfa/n þig og t.d. sent nafnspjald.

Til að slá inn upplýsingar um mig

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Ég sjálf/ur](#) og veldu [Opna.](#)
- 3 Flettu að valkosti og breyttu upplýsingunum.
- 4 Veldu [Vista.](#)

Til að bæta við þínu eigin nafnspjaldi

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Ég sjálf/ur](#) og veldu [Opna.](#)
- 3 Flettu að [Um mig](#) og veldu [Setja inn](#) > [Búa til nýtt.](#)
- 4 Flettu á milli flipanna og veldu reitina til að bæta við upplýsingum.
- 5 Sláðu inn upplýsingarnar og veldu [Vista.](#)



Tákn er slegið inn með því að velja [Valkostir](#) > [Setja inn tákn](#) > [Bæta inn.](#)

Til að senda nafnspjaldið þitt

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá.](#)
- 2 Flettu að [Ég sjálf/ur](#) og veldu [Opna.](#)
- 3 Flettu að [Um mig](#) og veldu [Senda.](#)
- 4 Veldu flutningsaðferð.



Gakktu úr skugga um að móttökutækið styðji flutningsaðferðina sem þú velur.

Hópar

Hægt er að búa til hópa með símanúmerum og netföngum í [Símaskrá](#) sem svo er hægt að senda skilaboð til. Sjá *Skilaboð* á bls. 28. Einnig er hægt að nota hópa (með símanúmerum) þegar búinn er til listi yfir samþykktá notendur. Sjá *Símtöl samþykkt* á bls. 26.

Til að búa til hóp með símanúmer og netföngum

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Símaskrá.**
- 2 Flettu að **Nýr tengiliður** og veldu **Valkostir** > **Hópar.**
- 3 Flettu að **Nýr hópur** og veldu **Setja inn.**
- 4 Sláðu inn heiti fyrir hópinn og veldu **Áfram.**
- 5 Flettu að **Nýtt** og veldu **Setja inn.**
- 6 Flettu að öllum þeim símanúmerum og netföngum sem þú vilt merkja og veldu **Merkja.**
- 7 Veldu **Áfram** > **Lokið.**


Símtalalisti

Hægt er að skoða upplýsingar um síðustu símtöl.


Til að hringja í númer á símtalistanum

- 1 Í biðstöðu ýtirðu á  og flettir að flipa.
- 2 Flettu að nafni eða númeri og ýttu á .

Til að bæta símanúmeri sem er á símtalistanum við tengiliðina

- 1 Í biðstöðu ýtirðu á  og flettir að flipa.
- 2 Flettu að númerinu og veldu **Vista.**
- 3 Veldu **Nýr tengiliður** til að búa til nýjan tengilið, eða veldu tengilið sem þegar er til og sem þú vilt bæta númerinu við.

Til að hreinsa símtalalistann

- 1 Ýttu á  í biðstöðu.
- 2 Flettu að **Öll símtöl** flipanum og veldu **Valkostir** > **Eyða öllum.**


Hraðval

Með hraðvalsnumérum geturðu valið nýu tengiliði sem þú vilt geta hringt í á fljótlegan hátt. Hægt er að vista tengiliði á tökkum (sætisnúmerum) 1 til 9.

Til að bæta tengiliðum við hraðvalsnumér

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Símaskrá.**
- 2 Flettu að **Nýr tengiliður** og veldu **Valkostir** > **Hraðval.**
- 3 Finndu númer og veldu **Setja inn.**
- 4 Veldu tengilið.

Til að hringja með hraðvali

- Í biðstöðu slærðu inn sätisnúmerið og ýtir á .



Talhölf

Ef talhölfspjónusta er innifalin í áskriftinni þinni geta þeir sem hringja í þig skilið eftir skilaboð í talhölfinu þínu þegar þú svarar ekki símtali frá þeim.

Til að slá inn númer talhólsins

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Skilaboð** > **Stillingar** > **Talhólsnúmer.**
- 2 Sláðu inn númerið og veldu **Í lagi.**

Til að hringja í talhólfíð þitt

- Í biðstöðu heldurðu inni **1**.

Raddstýring

Með raddskipunum geturðu:

- Notað raddhringingu – hringt í aðila með því að segja nöfn þeirra
- Virkjað raddhringingu með því að segja ‘töfraorð’
- Svarað og hafnað símtölum með handfrjálsum búnaði.

Til að taka upp raddskipun með raddhringingu

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Stillingar** > flippann **Almennar** > **Raddstýring** > **Raddhringing** > **Virkja.**
- 2 Veldu **Já** > **Ný raddskipun** og svo tengilið. Ef tengiliður er með fleiri en eitt símanúmer skaltu velja það símanúmer sem þú vilt bæta raddskipuninni við.
- 3 Taktu upp skipunina, t.d. „farsími Nonna“.

- 4 Fylgdu leiðbeiningunum sem birtast. Bíddu eftir tóninum og segðu svo skipunina sem þú vilt taka upp. Síminn spilar svo raddskipunina fyrir þig.
- 5 Ef upptakan er í lagi velurðu **Já**. Ef hún er ekki í lagi velurðu **Nei** og endurtekur skref 3 og 4.



- *Raddskipanir eru aðeins vistaðar í minni símans. Ekki er hægt að nota þær í öðrum síma.*

Til að taka aftur upp raddskipun

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Stillingar** > flippann **Almennar** > **Raddstýring** > **Raddhringing** > **Breyta nöfnum.**
- 2 Flettu að skipun og veldu **Valkostir** > **Skipta út raddsk.**
- 3 Bíddu eftir tóninum og segðu svo skipunina.

Raddhringing

Síminn segir nafn tengiliðs sem þú hefur tekið upp þegar hann hringir í þig.

Notkun raddhringingar

- 1 Í biðstöðu heldurðu inni hljóðstyrkstakka.
- 2 Bíddu eftir tóninum og segðu nafn sem þú hefur tekið upp, t.d. ‘farsími Nonna’. Síminn spilar nafnið aftur og hringir í einstaklinginn.

Töfraorð

Hægt er að taka upp og nota raddskipanir sem töfraorð til að virkja raddhringingu án þess að yta á nokkurn takka. Handfrjáls búnaðurinn þinn verður að vera tengdur við símann til að þú getir notað töfraorðið.

- *Velja ætti löng og óalgeng orð eða setningu til að aðskilja þau frá venjulegum bakgrunnshljóðum. Ekki er hægt að nota þennan valkost með handfrjálsnum Bluetooth búnaði.*

Til að virkja og taka upp töfraorð

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > flipann [Almennar](#) > [Raddstýring](#) > [Töfraorð](#) > [Virkja](#).
- 2 Fylgdu leiðbeiningunum sem birtast og veldu [Áfram](#). Bíddu eftir tóninum og segðu svo töfraorðið.
- 3 Veldu [Já](#) til að samþykkja eða [Nei](#) til að endurtaka upptökuna.
- 4 Fylgdu leiðbeiningunum sem birtast og veldu [Áfram](#).
- 5 Veldu hvar þú vilt virkja töfraorðið.

Til að hringja með töfraorðinu

- 1 Í biðstöðu skaltu ganga úr skugga um að 🗨 sé sýnilegt.
- 2 Segðu töfraorðið.
- 3 Bíddu eftir tóninum og segðu raddskipun.

Raddsvar

Pegar þú notar handfrjálsan búnað geturðu svarað eða hafnað mótteknum símtölum með röddinni.

Til að virkja raddsvörum og taka upp raddskipanir

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > flipann [Almennar](#) > [Raddstýring](#) > [Raddsvar](#) > [Virkja](#).
- 2 Fylgdu leiðbeiningunum sem birtast og veldu [Áfram](#). Bíddu eftir tóninum og segðu „svara“ eða annað orð.
- 3 Veldu [Já](#) til að samþykkja eða [Nei](#) til að endurtaka upptökuna.
- 4 Fylgdu leiðbeiningunum sem birtast og veldu [Áfram](#). Bíddu eftir að tónninn heyrst og segðu 'Upptekinn', eða eitthvað annað orð.
- 5 Veldu [Já](#) til að samþykkja eða [Nei](#) til að endurtaka upptökuna.
- 6 Fylgdu leiðbeiningunum sem birtast og veldu [Áfram](#).
- 7 Veldu hvar á að virkja raddsvörunina.

Til að svara símtali með raddskipunum

- Segðu „Svara“.

Til að hafna símtali með raddskipunum

- Segðu „Upptekinn“.



Flutningur símtala

Hægt er að flytja símtöl, t.d. í talhólf.



Pegar Læsingar símtala eru notaðar er ekki hægt að velja alla flutningsvalkosti. Sjá Takmörkun úthringinga á bls. 27.

Til að flytja símtöl

- 1 Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Stillingar** > flipann **Símtöl** > **Flytja símtöl**.
- 2 Veldu gerð símtalsins og flutningskost.
- 3 Veldu **Virkja**.
- 4 Sláðu inn símanúmerið sem á að flytja símtöl í og veldu **Í lagi**.



Fleiri en eitt símtal

Hægt er að sinna fleiri en einu símtali á sama tíma. Til dæmis er hægt að setja eitt símtal í bið meðan öðru er svarað. Einnig er hægt að skipta á milli tveggja símtala. Hins vegar er ekki hægt að svara þriðja símtalinu án þess að leggja á annan hvorn aðilann.


Símtal bíður

Ef þjónustan er virk heyrst tónn ef reynt er að hringja í þig á meðan á símtali stendur.


Til að gera biðþjónustu virka

- Í biðstöðu velurðu **Valm.** > **Stillingar** > flipann **Símtöl** > **Vinna með símtöl** > **Símtal bíður** > **Virkja**.


Til að hringja í annað símanúmer

- 1 Meðan á símtalinu stendur velurðu **Valkostir** > **Setja símtal í bið**. Þetta setur virka símtalið í bið.
- 2 Veldu **Valkostir** > **Nýtt símtal**.
- 3 Sláðu inn númerið sem þú vilt hringja í og ýttu á .

Til að svara öðru símtali

- Meðan á símtalinu stendur ýtirðu á . Þetta setur virka símtalið í bið.

Til að hafna öðru símtali

- Meðan á símtalinu stendur ýtirðu á  og heldur símtalinu áfram.


Til að ljúka virku símtali og svara öðru símtali

- Meðan á símtalinu stendur velurðu **Skipta út virku**.

Tveimur símtölum sinnt

Hægt er að hafa eitt símtal í gangi og annað í bið samtímis.

Til að skipta á milli tveggja símtala

- Meðan á símtalinu stendur ýtirðu á .

Til að sameina tvö símtöl

- Meðan á símtalinu stendur velurðu **Valkostir** > **Sameina símtöl**.

Tvö símtöl tengd saman

- Meðan á símtalinu stendur velurðu [Valkostir](#) > [Flytja símtal](#). Þá aftengistu frá báðum símtölum.

Til að ljúka virku símtali og tengjast aftur símtali í bið


- Ýttu fyrst á  og svo á .



Símafundur

Í símafundum getur þú talað við allt að fimm einstaklinga í einu.

Til að bæta við nýjum þátttakanda

- 1 Meðan á símtalinu stendur velurðu [Valkostir](#) > [Setja símtal í bið](#). Þetta setur sameinuðu símtölin í bið.
- 2 Veldu [Valkostir](#) > [Nýtt símtal](#).
- 3 Sláðu inn númerið sem þú vilt hringja í og ýttu á .
- 4 Veldu [Valkostir](#) > [Sameina símtöl](#) til að bæta við nýjum þátttakanda.
- 5 Endurtaktu þetta til að bæta við fleiri þátttakendum.

Til að leggja á þátttakanda

- 1 Veldu [Valkostir](#) > [Sleppa aðila](#).
- 2 Veldu þátttakandann sem þú vilt leggja á.

Til að tala einslega við þátttakanda

- 1 Meðan á símtalinu stendur velurðu [Valkostir](#) > [Tala við](#) og svo þátttakandann sem þú vilt tala við.
- 2 Til að halda símafundinum áfram velurðu [Valkostir](#) > [Sameina símtöl](#).

Númerin mín

Þú getur skoðað, bætt við og breytt símanúmerunum þínum.

Til að skoða símanúmerin þín

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá](#).
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Sérstök númer](#) > [Númerin mín](#).
- 3 Veldu einhvern valkost.

Símtöl samþykkt

Hægt er að velja að taka aðeins á móti símtölum frá tilteknum símanúmerum.

Til að bæta símanúmerum á listann yfir þau númer sem þú vilt svara símtölum úr

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > flippann [Símtöl](#) > [Vinna með símtöl](#) > [Samþykkja símtöl](#) > [Aðeins af lista](#).
- 2 Flettu að [Nýtt](#) og veldu [Setja inn](#).
- 3 Flettu að tengilið eða [Hópar](#).



Sjá Hópar á bls. 21.

Til að samþykkja öll símtöl

- Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > flippann [Símtöl](#) > [Vinna með símtöl](#) > [Samþykkja símtöl](#) > [Allir hringjendur](#).

Takmörkun úthringinga

Hægt er að takmarka símtöl úr og í símann. Til þess þarf lykilorð frá þjónustuveitunni.

- ! *Ef þú flytur innhringingar geturðu ekki notað suma valkostina fyrir læsingar símtala.*

Valkostir fyrir læsingar símtala

Hefðbundnir valkostir eru:

- Öll útsímtöl – allar úthringingar
- Símtöl til útlanda – allar úthringingar til útlanda
- Símtöl til útl. í Reiki – allar úthringingar til útlanda þegar síminn er utan heimalands
- Allar innhringingar – allar innhringingar
- Innhringing í reiki – allar innhringingar þegar þú ert erlendis.

Til að takmarka símtöl

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > flippann [Símtöl](#) > [Vinna með símtöl](#) > [Læsingar símtala](#).
- 2 Veldu einhvern valkost.
- 3 Veldu [Virkja](#).
- 4 Sláðu inn lykilorðið þitt og veldu [Í lagi](#).



Læst skammval

Með læstu skammvali er hægt að takmarka símtöl úr símanum við tiltekin númer sem eru vistuð á SIM kortinu. Skammvalsnúmerin eru vernduð með PIN2 númerinu þínu.

Hægt er að vista hluta af númerum. Þannig er t.d. hægt að hringja í öll númer sem byrja á 0123456, með því að vista 0123456.

- ! *Þegar læsta skammvalið er notað geturðu ekki skoðað eða breytt neinum símanúmerum sem eru vistuð á SIM kortinu, en þú getur samt hringt í alþjóðlega neyðarnúmerið 112.*

Til að nota læst skammval

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá](#).
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Sérstök númer](#) > [Læst skammval](#) > [Virkja](#).
- 3 Sláðu inn PIN2 númerið þitt og veldu [Í lagi](#).
- 4 Veldu [Í lagi](#) aftur til að staðfesta valið.

Til að vista leyfð númer

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Símaskrá](#).
- 2 Flettu að [Nýr tengiliður](#) og veldu [Valkostir](#) > [Sérstök númer](#) > [Læst skammval](#) > [Leyfð númer](#) > [Nýtt númer](#).
- 3 Sláðu inn upplýsingarnar og veldu [Vista](#).



Lengd símtala og kostnaður

Lengd símtals er birt á meðan á því stendur. Hægt er að sjá lengd síðasta símtalsins, allra símtala úr símanum og heildartímann.

Til að sjá upplýsingar um lengd símtala

- Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > flippann [Símtöl](#) > [Tími & kostnaður](#) > [Lengd símtala](#).



Birta eða fela eigið símanúmer

Hægt er að sýna eða fela eigið símanúmer þegar hringt er.

Til að fela eigið símanúmer

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > flippann [Símtöl](#) > [Númerabirting](#).
- 2 Veldu [Fela númer](#).

Svarað með opnun

Hægt er að stilla símann þannig að símtölum er svarað þegar hann er opnaður.

Til að kveikja á Opna til að svara

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Stillingar](#) > flippann [Símtöl](#) > [Opna til að svara](#).
- 2 Veldu [Kveikt](#).

Skilaboð

Skilaboð móttekin og vistuð

Síminn lætur vita þegar hann móttekur skilaboð. Skilaboð eru sjálfkrafa vistuð í minni símans. Þegar minni símans er fullt geturðu eytt skilaboðum eða vistað þau á minnskorti eða á SIM kortinu.

Til að vista skeyti á minnskorti

- Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Stillingar](#) > [Almennar](#) > [Vista í](#) > [Minnskort](#).


Til að vista skeyti á SIM kortinu

- 1 Veldu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) í biðstöðu og svo möppu.
- 2 Flettu að skeyti og veldu [Valkostir](#) > [Vista skeyti](#).

Til að skoða skeyti í innboxinu

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Innbox](#).
- 2 Flettu að skeytinu og veldu [Skoða](#).

Til að eyða skeytum

- 1 Veldu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) í biðstöðu og svo möppu.
- 2 Flettu að skeytinu og ýttu á .

Textaskeyti

Textaskeyti geta innihaldið einfaldar myndir, hljóð, myndskreið og lög.

Áður en skilaboð eru notuð

Þú verður að hafa númer þjónustumiðstöðvar. Þú færð númerið hjá símafyrirtækinu/þjónustuveitunni, og það er vanalega vistað á SIM kortinu. Ef númer þjónustumiðstöðvarinnar er ekki vistað á SIM kortinu þarftu að slá það inn.

Til að slá inn númer þjónustumiðstöðvar

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Stillingar](#) > [Textaskeyti](#) og flettir að [SMS miðstöð](#). Númerið birtist ef það er vistað á SIM kortinu.
- 2 Ef ekkert númer birtist skaltu velja [Breyta](#).
- 3 Flettu að [Ný SMS miðstöð](#) og veldu [Setja inn](#).
- 4 Sláðu inn númerið, þ.m.t. „+“ merkið og landsnúmerið.
- 5 Veldu [Vista](#).

Til að skrifa og senda textaskeyti

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Skrifa nýtt](#) > [Textaskeyti](#).
- 2 Skrifaðu skeytið og veldu [Áfram](#) > [Leita í símaskrá](#).
- 3 Veldu viðtakanda og veldu [Senda](#).

❗ Ef þú sendir textaskeyti til hóps er gjald tekið í samræmi við fjölda viðtakenda. Sjá [Hópar](#) á bls. 21.

Til að afrita og líma texta í textaskeytum

- 1 Þegar þú skrifar skeytið velurðu [Valkostir](#) > [Afrita & líma](#).
- 2 Veldu [Afrita allan texta](#) eða [Merkja og afrita](#). Flettu og merktu texta í skeytinu.
- 3 Veldu [Valkostir](#) > [Afrita & líma](#) > [Líma](#).

Til að bæta hlut við textaskeyti

- 1 Þegar þú skrifar skeytið velurðu [Valkostir](#) > [Setja inn hlut](#).
- 2 Veldu einhvern valkost og svo hlut.

Til að breyta textaskeyti í myndskilaboð

- 1 Þegar þú skrifar skeytið velurðu [Valkostir](#) > [Í myndskilaboð](#).
- 2 Haltu áfram að búa til skilaboðin. Sjá [Myndskilaboð](#) á bls. 30.

Til að hringja í símanúmer í textaskeyti

- Þegar þú skoðar skilaboðin flettirðu að símanúmerinu og ýtir á [📞](#).

Til að geta sent löng skeyti

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Stillingar](#) > [Textaskeyti](#).
- 2 Veldu [Hámarks lengd SMS](#) > [Mesta mögulega](#).

Myndskilaboð

Myndskilaboð geta innihaldið texta, myndir, skuggnur, hljóðupptökur, hreyfimyndir, undirskriftir og viðhengi. Hægt er að senda myndskilaboð í farsíma eða á netfang.

Áður en myndskilaboð eru notuð
Þú verður að velja MMS stillingar og vistfang skeytamiðstöðvarinnar. Ef engar MMS stillingar eða skeytamiðstöð eru fyrir hendi geturðu fengið allar stillingar sjálfkrafa frá símafyrirtækinu eða á www.sonyericsson.com/support.



Til að velja MMS stillingar

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Stillingar](#) > [Myndskilaboð](#) > [MMS stillingar](#).
- 2 Veldu snið.

Til að stilla vistfang skeytamiðstöðvar

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Stillingar](#) > [Myndskilaboð](#).
- 2 Flettu að [MMS stillingar](#) og veldu [Breyta](#).
- 3 Veldu [Valkostir](#) > [Breyta](#).
- 4 Flettu að [Skeytamiðstöð](#) og veldu [Breyta](#).
- 5 Sláðu inn veffang og veldu [Í lagi](#) > [Vista](#).

Til að búa til og senda myndskilaboð

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Skrifa nýtt](#) > [Myndskilaboð](#).
- 2 Sláðu inn texta. Til að bæta hlutum við skilaboðin ýtirðu á , flettir að  og velur hlut.
- 3 Veldu [Áfram](#) > [Leita í símaskrá](#).
- 4 Veldu viðtakanda og veldu [Sendu](#).

Móttaka myndskilaboða

Þú getur valið hvernig þúhleður niður myndskilaboðunum. Hefðbundnir valkostir þegar þúhleður niður myndskilaboðum eru:

- **Alltaf** – fyrir sjálfvirkt niðurhal.
- **Spyrja í reiki** – fá spurningu um hvort hlaða eigi niður þegar síminn er ekki í heimasímerfi.
- **Aldrei í reiki** – ekki hlaða niður þegar síminn er ekki tengdur heimasímerfi.
- **Spyrja alltaf** – staðfesta niðurhal.
- **Slökkt** – ný skilaboð birtast í [Innbox](#).

Sjálfvirkt niðurhal ræst

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Stillingar](#) > [Myndskilaboð](#) > [Sækja sjálfkrafa](#).
- 2 Veldu einhvern valkost.

Til að vista hlut úr myndskilaboðum

- Þegar þú skoðar myndskilaboð velurðu [Valkostir](#) > [Vista hluti](#) og velur hlut.

Valkostir skeyta

Hægt er að stilla hefðbundna valkosti fyrir öll skeyti eða velja tilteknar stillingar í hvert sinn sem skeyti er sent.

Til að stilla valkosti fyrir textaskeyti

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Stillingar](#) > [Textaskeyti](#).
- 2 Flettu að valkosti og veldu [Breyta](#).

Til að stilla valkosti fyrir myndskilaboð

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Stillingar](#) > [Myndskilaboð](#).
- 2 Flettu að valkosti og veldu [Breyta](#).

Til að stilla valkosti fyrir tiltekið skeyti

- 1 Þegar skilaboðin eru tilbúin og viðtakandinn valinn velurðu [Valkostir](#) > [Fleiri valkostir](#).
- 2 Flettu að valkosti og veldu [Breyta](#).

Sniðmát

Ef þú notar oft sömu setningarnar og myndirnar í skeyti geturðu vistað skeytið sem sniðmát.



Til að bæta við sniðmáti fyrir textaskeyti

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Sniðmát](#) > [Nýtt sniðmát](#) > [Texti](#).
- 2 Sláðu inn texta eða veldu [Valkostir](#) til að bæta við hlutum. Veldu [Í lagi](#).
- 3 Sláðu inn titil og veldu [Í lagi](#).

Notkun sniðmáts fyrir myndskilaboð

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Sniðmát](#).
- 2 Flettu að sniðmáti og veldu [Nota](#).
- 3 Að lokum velurðu [Áfram](#) > [Leita í símaskrá](#).
- 4 Veldu viðtakanda og veldu [Senda](#).

Til að bæta við sniðmáti fyrir myndskilaboð

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Sniðmát](#) > [Nýtt sniðmát](#) > [Myndskilaboð](#).
- 2 Sláðu inn texta. Til að bæta hlutum við skilaboðin ýtirðu á , flettir að  og velur hlut.
- 3 Veldu [Vista](#), sláðu inn titil og veldu [Í lagi](#).

Til að vista skeyti sem sniðmát

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Innbox](#).
- 2 Flettu að skeytinu og veldu [Skoða](#) > [Valkostir](#) > [Vista sem sniðmát](#).

Talskilaboð

Hægt er að senda og taka við hljóðupptökum í talskilaboðum.

- ! *Bæði sendandi og viðtakandi verða að vera með áskrift sem styður myndskilaboð.*

Talskilaboð skrifuð og send

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Skrifa nýtt](#) > [Talskilaboð](#).
- 2 Taktu upp skilaboðin og veldu [Stöðva](#) > [Senda](#) > [Leita í símaskrá](#).
- 3 Veldu viðtakanda og veldu [Senda](#).

Tölvupóstur

Í símanum er hægt að nota helstu valkosti tölvupósts auk sama netfangs og er notað í tölvu.

Áður en tölvupóstur er notaður

Þú getur notað uppsetningarhjálpina til að athuga hvort stillingar eru tiltækar fyrir tölvupóstinn þinn eða þú getur fært þær handvirkt inn. Þú getur einnig fengið stillingarnar á www.sonyericsson.com/support.

Pósthólf stofnað

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Tölvupóstur](#) > [Pósthólf](#).
- 2 Flettu að [Nýtt pósthólf](#) og veldu [Setja inn](#).

- 💡 *Ef þú færir stillingar inn handvirkt geturðu haft samband við tölvupóstveituna þína til að fá frekari upplýsingar. Tölvupóstveitan gæti verið fyrirtækið sem lét þig fá netfangið þitt.*

Til að skrifa og senda tölvupóstskeyti

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Tölvupóstur](#) > [Skrifa nýtt](#).
- 2 Veldu [Setja inn](#) > [Slá inn netfang](#). Sláðu inn netfang og veldu [Í lagi](#).
- 3 Til að bæta við fleiri þátttakendum flettirðu að [Til](#): og velur [Breyta](#).
- 4 Veldu einhvern valkost og svo [Setja inn](#) > [Slá inn netfang](#). Sláðu inn netfang og veldu [Í lagi](#). Að þessu loknu velurðu [Lokið](#).
- 5 Veldu [Breyta](#) og sláðu inn efni. Veldu [Í lagi](#).
- 6 Veldu [Breyta](#) og sláðu inn textann. Veldu [Í lagi](#).
- 7 Flettu að [Viðhengi](#): og veldu skrá til að hengja við.
- 8 Veldu [Áfram](#) > [Senda](#).

Til að taka á móti og lesa tölvupóstskeyti

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Tölvupóstur](#) > [Innbox](#) > [Valkostir](#) > [Sækja nýjan póst](#).
- 2 Flettu að skeytinu og veldu [Skoða](#).

Til að vista tölvupóstskeyti

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Tölvupóstur](#) > [Innbox](#).
- 2 Flettu að skeytinu og veldu [Skoða](#) > [Valkostir](#) > [Vista skeyti](#).

Til að svara tölvupóstskeyti

- 1 Í biðstöðu velurðu [Valm.](#) > [Skilaboð](#) > [Tölvupóstur](#) > [Innbox](#).
- 2 Flettu að skeytinu og veldu [Valkostir](#) > [Svara](#).
- 3 Skrifaðu svarið og veldu [Í lagi](#).
- 4 Veldu [Áfram](#) > [Senda](#).

Til að skoða viðhengi í tölvupóstskeyti

